# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 a, örk 20


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.



Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.



**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Brf. 10/4 '09
Bg. 7

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 10. d. aprílmán. 1909

Hjermeð leyfi jeg mjer að senda yður, herra borgarstjóri, hjálagt erindi frá Sveini smiðkara Sveinssyni um leyfi til að byggja safngryfju á lóð sinni við Skólavörðustíg eða Laugaveg. Erindið er stýlað til heilbrigðisnefndar, en á að vera til byggingarnefndar.

Meðmæli heilbrigðisnefndar með erindi þessu fylgja hjermeð. —

Jón Magnússon

Til
borgarstjórans í Reykjavík

B. Rvk. 178/1909 Bg. 7

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Eptirrit

## af fundargjörð byggingarnefndarinnar
## 10. april '09

Ár 1909, laugardaginn fyrir páska, hinn 10. april kom byggingarnefndin saman á fund og gerðist þar það er hjer segir:

1. Helga Jósepssyni synjað um leyfi til að mega hafa áfram eldhús í útbyggingu við hús hans, Laugav. 24 B, einnig synjað að setja dyr gegnum gaflinn á húsinu.-
2. Páli Magnússyni járnsmið leyft að reisa bráða-birgðaskúr á lóð hans ofanvert við húsið Skólavörðustíg 5, skúrinn 12 x 12° að stærð. Skúrinn skal standa í stefnu við hús Þórðar Bjarnasonar og skylt skal að rífa skúrinn, þegar krafist verður.
3. Þorsteini Tómassyni járnsmið leyft að byggja niðurgöngu í kjallara sinn 18" framm frá húshlið (síðasti fundur 14), með því að svipað stendur á annarsstaðar í götunni (M. Blöndahl og Guðm. Gamalíelsson).
4. Jónasi Guðmundssyni Hverfisg. 18 leyft að gera salerni á lóð hans með því skilyrði, að eldvarnarveggur sje þar sem of skammt verður að mörkum.
5. Byggingarnefndin kærir Jóhannes Lárusson til sekta fyrir að hafa byggt salerni eldvarnar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

veggjarlaust á Hverfisg. 18 B og skyldar nefndin
núverandi eiganda til að rífa niður salernið
innan mánaðar hjer frá, nema því að eins að
hann hafi innan þess tíma gert löglegan
eldvarnarvegg.

6. Sveini Sveinssyni trjesm. leyfir byggingarnefnd fyrir sitt leyti að flytja safngryfjuna á lóð sinni Skólavörðustíg 4 á þann stað er hann bendir um, með því skilyrði að gryfjan nýja full-nægi fyrirmælum byggingarsamþ. og heilbrigðissamþ.

7. Fundargerð 27. marz 3. liður leiðrjettist þannig að: tveir skúrar hvor um sig 5°×6° verði, tveir skúrar hvor um sig 5°×3°.

8. Byggingarnefndin leggur til að girðingin fyrir lóð Ásm. Þórarinssonar á Laufásvegi verði sett í fyrirhugaðan götujaðar. Ennfremur að leitað verði kaupa á sneið af lóð frúar Sophíu Thorsteinsson, sem þarf undir hina fyrirhuguðu breikkun Laufásvegar.

Fleiri mál ekki fyrirtekin.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Páll Einarsson

Jón Jensson
Sveinn Jónsson
Rögnv. Ólafsson
K. Zimsen
Sig. Thoroddsen
Kristján Þorgrímsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Við Laugaveg 27 B í Reykjavík 1 April 1909

Hjer með leyfi jeg mjer að biðja hina háttvirtu Byggingarnefnd Reykjavíkur að veita mjer leyfi til þess að meiga hafa Eldhús áfram í útbyggingunni við Hús mitt og gera einar dyr gegnum gaflinn á Húsinu

Virðingarfyllst

Helgi Jósepsson

Leyfið Synjað

Til Byggingarnefndarinnar í Reykjavík

B. Rvk. 177 / 1909 By 7

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Heilbrigðisfulltrúinn í Reykjavík.

Reykjavík 7. apríl 1909

Hjer með leyfi jeg mjer að mæla með beiðni herra Sveins Sveinssonar, að hann megi búa til safngryfju úr cementssteypu á þeim stað, sem hann tiltekur, sje veggir og botn ekki þynnri en 6-8 þuml. og hafi hann gryfjuna heldur víðari upp og vel yfirbyggða.

B. Halldórsson.

Samþykkur

Guðm. Hannesson. Bríet Bjarnhjeðinsd.

Jón Magnússon

B. Rvk. 178 / 1909 B.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 10.-4. 1909.

Jeg undirritaður leyfi mjer hjermeð að spyrja hina háttvirtu byggingarnefnd Reykjavíkur, hvort jeg geti fengið leyfi til þess að reisa skúrbygginguna til bráðabirgða á lóðinni fyrir ofan húsið nr. 5 við Skólavörðustíg, að stærð 12 x 12 al., eptir því sem hjálagður uppdráttur sýnir.

Virðingarfyllst.

Páll Magnússon

Til

byggingarnefndar Reykjavíkur.

B. Rvk. 181/1909 Bg. 7

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hérmeð leifi eg mér, að fara þess á leit, að hin háttvirta heilbrigdisnefnd leifi mér að búa til safngrifju á suðurkanti lóðar minnar sem sé, 8½ x 4½ al á stærð, Eg hef fengið leifi hjá nábúa mínum, um að meiga setja hana á lóðatakmörk. Grifjuna ætla eg að gjöra, úr sements steipu, samkvæmt fyrirmælum biggingarsamþiktarinnar, og biggja vel yfir hana, Grifju þá sem eg hef áður notað, ætla eg svo að filla upp. Beiðni þessari læt eg filgja uppdrátt af lóð minni, og húsum, sem og næstu nábúa húsum.

Reykjavík 6 April 1909

Sveinn Sveinsson

Til hinnar háttvirtu heilbrigdisnefndar Reykjavíkur

B. Rok. $\frac{178}{1909}$ B. 7

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þar sem eg undirskrifaður álít mér ekki nægja þeir 10" sem hin heiðraða byggingarnefnd hefur ætlað mér fram frá húsklíðinni, fyrir niðurgang í kjallarann, þá leyfi eg mér hér með, að fara þess á leit við hana, að í stað þessara 10 þml. megi það vera 18 þml. og því fremur vona eg að hún verði við þessari ósk minni, þar sem hún fyrir stuttu hefur leyft öðrum í sömu götu að láta dyragröfir ganga jafnlangt eða lengra úti götuna en eg fer fram á; t. d. hjá M. Blöndahl og Guðm. Gamalíelssyni. Gatan er hér fullar 14 ál. á breidd, og þar sem forstofutröppurnar ganga ríml. 1¾ al. fram í götuna, og þessi fyrirhugaða dyragröf verður skamt frá þeim, er ekki sýnilegt að nein hætta geti stafað af því þó leyft sje að láta hana ganga 18 þml. úti götuna.

Reykjavík 9 april 1909.
Virðingarfyllst.
Þorsteinn Tómásson

Til
Byggingarnefndarinnar í Reykjavík

B. Rvk. 180/1909 B. 7.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Háttvirtri Byggingarnefnd Reykjavíkur mætti þóknast að veita mér leyfi til að láta ~~mér~~ smíða salerni á lóð minni No 18 á Hverfisgötu, eftir meðlagðri teikningu.

Reykjavík, 10. april 1909

Jónas Guðmundsson

B. Rvk. 179/1909 By. 7

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur